
STAÐARHÓLL Í DÖLUM:

HÖFUÐBÓL Í MINJUM, SÖGU OG SAGNARITUN

SAMANTEKT UM FRAMVINDU 5. RANNSÓKNARÁRS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2025
FS1038-20179



Staðarhólsrannsóknir eru styrktar af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

Ljósmynd á forsíðu er úr gönguferð nokkurra meðlima Staðarhólshópsins í september 2024. Fylgt var gamalli leið um Sælingsdalsheiði en leiðarinnar er víða getið í fornum textum. Samkvæmt Sturlungu var það við bana sem mönnum Hvamm-Sturlu og Einars Þorgilssonar lenti saman í miklum bardaga árið 1171. Leiðinni var fylgt úr Sælingsdal innanverðum, yfir í Hvammsdal og þaðan niður í Saurbæ að Staðarbóli. Á myndinni er horft suður Sælingsdal. Í fjarska sést Tungustapi - frægur fyrir álfabyggð. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

Auk lógóa Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands eru á forsíðu lógó Árnastofnunar og Þjóðskjalasafns Íslands

©2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆDRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAMSTARF, FUNDIR OG MIÐLUN.....	7
3. FRAMVINDA FORNLEIFARANNSÓKNA 2024.....	11
4. FRAMVINDA SAGNFRÆÐIRANNSÓKNA 2024.....	13
5. FRAMVINDA BÓKMENNTAFRÆÐIRANNSÓKNA 2024.....	15
6. SAMANTEKT UM HELSTA ÁVINNING ÁRSINS.....	17
LISTI YFIR ÞÁTTTAKENDUR.....	18
LISTI YFIR ÚTGÁFU Í TENGLUM VIÐ VERKEFNIÐ.....	20

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um framvindu verkefnisins *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* árið 2024. Verkefnið hlaut styrki úr rannsóknarsjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) öll þau ár sem sjóðurinn starfaði (2020-24). Rannsóknarhópurinn að baki Staðarhólsrannsóknnum samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna var að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar og auka skilning á sögu og eðli jarðarinnar Staðarhóls þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Tilgangur þeirra var að auka skilning á því umhverfi sem Sturla og verk hans eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Styrk til 5. rannsóknarárs var úthlutað í maílok 2024. Áhersla ársins var á útgáfu og miðlun. Á árinu kom út grein um rannsóknirnar í Fagurey í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* og unnið var að gerð þriggja skilta um Staðarhól. Einnig voru öll helstu gögn og skýrslur verkefnisins færð til geymslu og miðlunar hjá GAGNIS hjá Háskóla Íslands og mun aðgengi að þeim opnast í maí 2025. Áfram var haldið undirbúningi að útgáfu Resensbókar og mun endanlegt handrit að útgáfu liggja fyrir síðar á árinu. Eftir árið liggja fyrir drög að þverfaglegri fræðabók um Staðarhólsrannsóknir; *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* sem koma mun út hjá Brepols, innan ritraðarinnar *The Medieval Countryside*. Að síðustu var á árinu lokið við nemendaritgerð í sagnfræði um Staðarhól sem er síðasta nemendaverkefni rannsóknarinnar.

Efnisorð

Staðarhóll, Fagurey, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag, örnefni, sagnfræði, bókmenntafræði

Summary

This document offers a progress report outlining the results of the fifth year of the research project *Staðarhóll in Dalir: Nature, culture and economy at an Icelandic church centre* in 2024. The project has received funding from the RÍM research fund (Literary Culture in Medieval Iceland) for the years 2020–24. The research group comprises scholars from the Institute of Archaeology in Iceland, the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies, the National Archives of Iceland and the Departments of History, Literature and Life and Environmental Sciences at the University of Iceland. The main aim of the research is to generate and disseminate further knowledge about the work and milieu of the thirteenth-century chieftain and historian Sturla Þórðarson, who lived and worked at the farm of Staðarhóll for a large part of his life, and to disseminate those findings to both scholars and the wider public.

In 2024 the research efforts focused on publication and outreach. An article on the Fagurey excavations appeared in the 2024 *Árbók hins íslenska fornleifafélags* and three information panels about Staðarhóll were produced. All primary data and reports were transferred to the GAGNIS repository at the University of Iceland, with public access scheduled to open in May 2025. Preparatory work on the Resensbók manuscript continued and is now completed, and the core text of the interdisciplinary monograph *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* has been drafted for publication by Brepols in the series *The Medieval Countryside*.

Keywords


Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, archaeology, cultural landscape, place names, historical studies, Medieval literature

1. Inngangur

Þann 21. maí 2020 var styrkjum úr sjóðnum RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) úthlutað í fyrsta sinn. Meginmarkmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði sem tengjast þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum. Tilfnið var að liðin voru 75 ár frá stofnun lýðveldis á Íslandi.¹

Verkefnið *Staðarbóll: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* var lagt upp til fimm ára og hlaut styrki úr sjóðnum öll þau fimm ár sem úthlutað var. Rannsóknin er þverfagleg og samanstendur hópurinn að baki umsókninni af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna var að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, auka skilning á því umhverfi sem hann og verkin eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Sturla Þórðarson er jafnan kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Sturla bjó þó víðar, m.a. í Fagurey á sínum efri árum. Í rannsókninni eru hugmyndafræði og



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu Fagureyjar annars vegar og Staðarbóls og nágrennis hins vegar. Uppmældar fornleifar sjást á smærri kortum af stöðunum.

¹ Tilkynning um sjóðinn á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://www.snorrastofa.is/frettir/styrkjum-uthlutad-vegna-verkefnisins-ritmenning-islenskra-midalda-rim>

samhengi verka Sturlu könnuð ásamt því að varpa ljósi á forsendur ritmenningar á staðnum með víðtækum rannsóknum á sögu, landslagi, minjum og ritheimildum. Bæjarstæði Staðarhóls, hjáleigur, engjar og úthagar, seljalönd, ítök og auðlindir eru í forgrunni ásamt Fagurey. Í rannsóknunum er hugað að víðara samhengi landshátta, allt í þeim tilgangi að öðlast betri þekkingu á staðarvali, landsháttum og samfélagi á umræddum jörðum á miðöldum.

Í þessari skýrslu verður framvinda verkefnisins árið 2024 rakin. Styrk til verkefnisins var úthlutað í maílok 2024 og nær rannsóknarárið því fram til aprílloka 2025. Á fimmta styrksári var áhersla lögð á miðlun og útgáfu rannsókna og er í þessari skýrslu rakin framvinda ársin. Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst verður farið yfir samskipti rannsóknarhóps verkefnisins og miðlun (kafli 2) og því næst fjallað um framvindu í hverjum verkþætti rannsóknarinnar á árinu (kafli 3-6). Að lokum verða teknar saman helstu niðurstöður (kafli 7).

2. Samstarf, fundir og miðlun

Samstarf milli rannsóknaraðila í Staðarhólsverkefninu var afar mikið á fimmta ári verkefnisins. Náíð var unnið saman að ritun bókar um verkefnið og að jafnaði hist á fundum í hverjum mánuði. Verður hér gerð grein fyrir helstu fundum og samstarfi.

Samstarf og fundir

Formleg tilkynning um styrkveitingu vegna 5. rannsóknarárs RÍM barst þann 31. maí 2024. Í kjölfarið voru haldnir tveir fundir í verkefnahópnum þar sem farið var yfir og rætt um skiptingu fjármagns, stöðu verkefna og framhald þeirra í ljósi úthlutunar. Styrkurinn sem fékkst í ár var um 58% af umbeðinni upphæð og því þurfti að skera töluvert niður miðað við áætlun.² Á fundinum og í kjölfar hans kom hópurinn sér saman um nýja rannsóknaráætlun. Eftir að ný rannsóknaráætlun hafði verið gerð á grundvelli úthlutunar snerust flestir fundir hópsins um ritun þverfræðilegrar bókar um Staðarhól.

Allt fimmta rannsóknarárið hittist allur Staðarhólshópurinn reglulega, að jafnaði í hverjum mánuði eftir að úthlutað var úr sjóðnum. Auk funda stærri funda alls rannsóknarhópsins hafa þeir aðilar sem vinna saman að hverjum verkþætti fundað margoft yfir árið og fundir hafa einnig verið haldnir þvert á rannsóknarhópa, oftast vegna ritunar bókar.

² Til að mæta niðurskurði var ákveðið að fella niður áætlanir um málstofu á Hugvísindapingi og kynningardag á verkefninu í heimahéraði auk þess sem hætt var við að rita sameiginlega grein um verkefnið. Þess í stað var staðið vörð um útgáfu Resensbókar, fræðilegrar bókar um verkefnið og miðlunar gagna.

Síðla í september 2024 lögðu nokkrir þátttakendur í Staðarhólsverkefninu land undir fót og kynntu sér gamla þjóðleið sem lá yfir Sælingdalsheiði: úr Sælingsdal innanverðum, yfir í Hvammsdal og þaðan niður í Saurbæ að Staðarhóli.




Mynd 2: Gönguferð hluta Staðarhólsbópsins um Sælingdalsheiði í september 2024. Á myndinni eru (frá vinstri): Kristborg Þórsdóttir, Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Úlfar Bragason.

Miðlun

Miðlun rannsókna var með ýmsum hætti á árinu. Áfram var haldið úti opinberri facebook-síðu fyrir rannsóknarverkefnið. Á henni er myndum og frásögnum af framgangi verksins miðlað og útgefið efni gert aðgengilegt (Facebook síða: *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* (<https://www.facebook.com/Staðarhóll-í-Dölum-Höfuðból-í-minjum-sögu-og-sagnaritun-110730747382093>))

Snemma á árinu kom út grein um einn anga verkefnisins: Rannsóknir í Fagurey í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* en hana rituðu þær Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir.

Á árinu voru útbúin þrjú skilti um Staðarhól í samvinnu við Hvíta húsið en skiltagerðin naut stuðnings Sturlunefndar. Sturluhátíðin 2024 var haldin 13. ágúst og hófst hún á Staðarhóli þar sem tvö af þremur skiltanna voru afhjúpuð. Eftir athöfnina á Staðarhóli var haldið að Laugum í Sælingsdal þar sem Sverrir Jakobsson hélt erindi. Þrátt fyrir óhagstæð veðurskilyrði var mæting góð og er áætlað að um 180 manns hafi sótt hátíðina.



Mynd 3: Skilti sem sett hafa verið upp á Staðarhóli á síðustu árum. Hvítir þríhyrningar marka söguskilti sem sett voru upp 2023 en rauðir bringir skiltin um Staðarhól sem meðlimir bópsins unnið í samvinnu með Hvíta húsinu 2024. Neðst (langst til vinstri) er yfirlitsskilti um jörðina sem kynnir sögu þessarar og beinir fólki í söngöngu upp á hólinn. Tvö af skiltunum voru afhjúpuð á Sturluhátíð 2024 en það þriðja sem sett verður upp á bæjarhólunum verður afhjúpað á Sturluhátíð 2025.

Aðaláhersla rannsóknarársins var á ritun þverfaglegrar fræðibókar um Staðarhólsverkefnið. Bókin *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* hefur verið samþykkt til útgáfu af fræðiritaútgáfunni Brepols, innan ritraðarinnar *The Medieval Countryside*. Á árinu var lokið ritun allra kjarnakafla bókarinnar og er nú unnið að ritun inngangs og niðurstödukafla ásamt vinnslu myndefnis. Stefnt er að því að skila handriti til útgefanda 1. desember 2025 og að bókin komi út fyrir árslok 2026. Bókin er fjölhöfundaverk þar sem margir höfundar vinna saman að verkinu, fremur en greinasafn þar sem hlutur hvers og eins er rækilega aðgreindur. Fyrsti hluti ritsins er inngangur þar sem forsendur verksins eru skýrðar og staða þess innan hins stærra verkefnis, Ritmenning íslenskra miðalda. Annar hluti bókarinnar fjallar um landslag, umhverfi og minjar og birtast þar rannsóknaniðurstöður fornleifafræðinga, örnefnafræðinga og landfræðinga sem unnið

hafa að verkefninu, auk þess sem tengsl Staðarhóls við stærra efnislegt, menningarlegt og pólitískt landslag við Breiðafjörð eru greind. Í þriðja hluta bókarinnar er þróun staðarins á Staðarhóli rakin fram til um 1700, fyrst og fremst á grundvelli skjala og annarra ritheimilda, en þó í samhengi við niðurstöður annars hluta. Meðal annars er stuðst við niðurstöður MA ritgerða, BA ritgerða og sérverkefna sem unnin hafa verið á vegum Staðarhólsverkefnisins. Í fjórða hluta er fjallað um sagnarit og aðrar bókmenntir sem tengja má höfuðbólinu á Staðarhóli fram á 17. öld, ekki síst verk Sturlu Þórðarsonar sagnaritara. Í kaflanum er samspil bókmennta og rýmis greint, í anda þeirra markmiða sem liggja til grundvallar verkefninu Ritmenning íslenskra miðalda. Í fimmta og síðasta hluta verða niðurstöður 2.-4. hluta greindar í víðara samhengi og dregin upp mynd af umhverfi höfuðbólsins, rekstri þess og tekjum og mikilvægi þeirrar ritmenningar sem þar var stunduð.



Mynd 4: Tvö af þremur skiltum sem hópurinn vann í samvinnu við Hvíta húsið voru afhjúpuð á Sturlubátíð 2024 í kalsaveðri. Ljósmynd birtist við frétt Skessuborns þann 16. júlí 2024. Ljósmyndari: sla.

3. Framvinda fornleifarannsókna 2024

Engar vettvangsrannsóknir fóru fram í fornleifahluta Staðarhólsverkefnisins á fimmta ári verksins. Snemma á árinu kom út grein um fornleifaskráningu í Fagurey sem var hluti af Staðarhólsverkefninu rituð af meðlimum fornleifahlutans. Á árinu unnu meðlimir fornleifahluta verkefnisins (þær Guðrún Alda Gísladóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir) texta og völdu myndefni fyrir þrjú ný skilti á Staðarhóli. Verkið var unnið fyrir Sturlufélagið í samvinnu við Hvíta húsið. Tvö af skiltunum voru afhjúpuð á Sturluhátíð 2024 og ráðgert er að afhjúpa það þriðja á hátíðinni sumarið 2025.

Í fornleifahluta Staðarhólsverkefnis var á árinu einnig ritaður kafli í fræðibókina um Staðarhól. Kafli fornleifahlutans byggir á þeim rannsóknum sem unnar hafa verið innan hans á undanförunum árum og ber titilinn *The cultural landscape of Staðarhóll: Archaeology, environment and narrative*. Hópurinn sem kemur að verkinu samanstendur af Agli Erlendssyni, Birnu Lárusdóttur, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Emily Lethbridge, Gavin Lucas, Guðrúnu Öldu Gísladóttur og Kristborgu Þórsdóttur.

Auk ofangreindrar útgáfu sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir um frágang og vistun gagna vegna tilfærslu þeirra yfir á varanlega geymslu og miðlunarsíðu GAGNÍS. Gagnís er gagnaþjónusta/varðveislusafn fyrir rannsóknargögn á Íslandi og er samstarfsverkefni allra háskóla á Íslandi. Hjá þjónustunni er tekið við rannsóknagögnum til birtingar í opnum aðgangi, án endurgjalds, eftir alþjóðlegum gæðaviðmiðum. Nú hafa öll gögn verkefnisins verið yfirfarin og sett

Velcomin að Staðarhóli – Welcome to Staðarhóll



Staðarhóli í Döllum er merkt bær fyrir margra Mata eabir. Á Staðarhóli byggja ýmsir merkt höfðingar en þeirra frágastur er án sta Sturla Þórðarson sagnartari sem bý hér um áratugaskeið og talið líklegt að hér hafi sum af þekktari verkum hans verið rituð. Sturla lést í Fagurey á Breiðfirði en var grafinn í Kirkjugarðnum á Staðarhóli.

Líklegt er að Staðarhóli hafi byggst snemma og jörðin var um aldir höfðingjavætur. Rannsóknir á farmum fylgissvænum hafa sýnt að við landslind var dælur inn vaxinn skógur og korni að fullverfu leyti. Mjálur og grasgeinar útengjar eru í Staðarhólsdal sem skipt hafa miklu máli allt frá upphafi bóasetis en þar var hægt að afa mikils heylings, stega kpp mó og skera turf. Ódólar leingjar voru í Sálthlímsvík við Tjaldanes og í Fjörnum á milli Tjaldanes og Stóra-Hóls var ein besta söfðvirja landsins. Söf voru mjólkvegauðlind fyrir á öldum, notuð til mannelids, bæði til áka og sem fækingjagurt og einnig sem fóður fyrir þúpingu.

Hér er bókið í söguöngu eftir heimaminni og að þáttarhólinum en þáttar er vísgrun um Staðarhólsdal. Á höfnum eru fróðleiks- og stópskili um Sturlu, búskemnti miklaða, Staðarhólið og nánasta umhverfi þess. Úppfingir á skólinum byggja m.a. á nýlegum þværfaglegum rannsóknum á ritmáttabókum mólaða þar sem rannsóknir á svö sagnfræði, búskemntafræði, fornleifaræði og fornleifaræði bendast að því að auka þekkingu á sagnartari Sturla Þórðarsonar og á stöðnum sjálfum.

Staðarhóli in Dair was a significant and central estate in the area. Several important chieftains occupied the farm, the most renowned of whom was historian Sturla Þórðarson. Sturla lived here for several decades, and some of his best-known works were likely produced here. He died on the island of Fagurey in Breiðfirðir but was buried at Staðarhóli.

The site was likely established early. Analysis of pollen samples has shown that the valley was forested at the time of settlement but was probably cleared during the process of occupation. The valley's extensive and fertile grass meadows were important for the farm economy. Land qualities also included good access to the sea and a good landing place in Sálthlímsvík Bay, by Tjaldanes. The beach was also amongst the best in Iceland for gathering seaweed (dattur) that was eaten and used in medicine, as well as being fodder for livestock.

You are invited to walk along the farm track up onto the farm mound. From there, you will have an expansive view across the valley. On the way, you will find information about Sturla, Iceland's medieval literary culture, the Staðarhóli farm, and its surrounding environment.

Information on these signs is based on new cross-disciplinary research into Iceland's medieval literary centres. Historians, literary specialists, archaeologists and historical ecologists have worked together to shed new light on Sturla Þórðarson's historical writing and home.

Staðarhóli, júní 2024 – Þværfaglegir skil og vísgrunir voru afhjúpuð á Sturluhátíðinni. Þetta myndir sýna hól og þværfaglegan farm Staðarhóli.



Tímals

- 877-1: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 900-: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 990-: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1120: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1191: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1262: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1297: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1484: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1600-: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1794: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1899: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.
- 1972: Sturla Þórðarson byggir Staðarhóli.

Þakkið FRM sjálfum. Úppbyggjagjafir Vesturlands, Sturlufélag, Fornleifafélag Barbotendaga og Dalanna. Fornleifastofnun Íslands, Háskóli Íslands, Stofnun Arna Magnússonar í Íslenkum fræðum, Þjóðleikjagjafir Íslands, Meirjafstafur Íslands, Dalabýggja.

Mynd 5: Annað af tveimur skiltum sem afhjúpuð voru á Staðarhóli sumarið 2024.

upp tilraunaútgáfa af þeim verkefnisins og er ráðgert að ljúka vinnunni og opna aðgang að síðunni í lok maí 2025.

Líkt og öll fyrri ár var Elín Ósk Hreiðarsdóttir, verkefnisstjóri og ábyrgðarmaður Staðarhólsverkefnisins í heild.

4. Framvinda sagnfræðirannsókna 2024

Í sagnfræðifræðihluta verkefnisins lauk Stefán Bogi Sveinsson nemendaritgerð sinni á vegum verkefnisins á árinu. Ritgerðin ber heitið „Landnám í Saurbæ í Dölum“ og er einstaklingsverkefni á meistarastigi í Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin fjallar um bæ og kirkju á Staðarhóli 1000-1300 og má líta á hana sem eins konar formála að athugun Emils Gunnlaugssonar á búskap á Staðarhóli eftir 1300. Í ritgerðinni fjallar Stefán Bogi um landnám og fyrstu byggð í Saurbæ. Hann greinir mismunandi lýsingar Landnámu á landnámi svæðisins og veltir fyrir sér hvort þær endurspegli ólík sjónarhorn og hagsmuni höfunda. Þá setur hann fram kenningar um þróun byggðar í ljósi sögulegra heimilda og fornleifarannsókna. Stefán lauk verkinu í lok árs 2024 og skilaði inn í ársbyrjun 2025. Sverrir Jakobsson er leiðbeinandi Stefáns og þeir Benedikt Eypórsson í forsvari fyrir þessum hluta innan Staðarhólsverkefnisins.

Í sagnfræðihlutanum var ritaður kafli í Staðarhólsbókina sem ber heitið *Diachronic developments* en höfundar hans eru þeir Sverrir Jakobsson, Benedikt Eypórsson og Emil Gunnlaugsson. Sverrir er einnig ritstjóri bókarinnar og hefur því á árinu sinnt ýmsum þeim verkum sem snúa að ritstjórn og mótun bókar, t.d. samskiptum við útgefanda og fleira. Sumarið 2024 tók Sverrir þátt í Sturluhátíð 2024 fyrir hönd verkefnisins og flutti þar erindið *Minni og vald. Sagnaritun Staðarhólsmanna í breiðfirsku sambengi*.




Mynd 6: Sverrir Jakobsson flytur erindi á Sturluhátíð 2024. Ljósmynd: Svandís Svararsdóttir, birt með leyfi.

5. Framvinda bókmenntafræðirannsókna 2024

Áfram var haldið með úrvinnslu og undirbúning fræðilegrar útgáfu á svonefndri Resensbók eða Alfræði Sturlu Þórðarsonar og er lokamynd komin á handritið. Í bókinni eru varðveittir textar skrifaðir upp með orðalagsbreytingum úr öðrum handritum neðanmáls ásamt skýringum. Rækilegur inngangur um alla textana ásamt greinargerð um handritin fylgir. Gert er ráð fyrir að handritið að bókinni verði lagt fram til útgáfu fyrir árslok.

Í bókmenntahluta Staðarhólsverkefnis var einnig ritaður kafli í Staðarhólsbókina, *Staðarbóll as a literary center*. Ármann Jakobsson, Úlfar Bragason og Þórdís Edda Jóhannesdóttir deildu með sér verkum og rituðu kafla um bókmenntastarfsemi tengda Staðarhóli frá upphafi sagnaritunar og fram á sautjándu öld. Þar var sjónum því ekki aðeins beint að frægasta höfundu Staðarhóls, Sturlu Þórðarsyni, heldur bókmenntum fyrir hans tíma og þeirri menningarstarfsemi sem tengist Staðarhóli á síðari öldum. Má þar sem dæmi nefna Staðarhóls-Pál, Pál Jónsson (d. 1598), sem var bæði skáld og lögfróður og átti trúlega mikilvæg handrit sem kennd eru við Staðarhól.



Mynd 7: Staðarbólsdalur, klíppt mynd af stærra korti af Dalasýslu frá 1725, Aresen, Magnus Aresen, og Magnus Raben Arason. Carta over Dalesyssel udi Island 1725, af vef Det Kgl. Bibliotek.

6. Samantekt um helsta ávinning ársins

Góður gangur var í Staðarhólsrannsóknum á fimmta verkefnaári. Framvinda verksins var í takt við áætlanir og gerðist raunar ýmislegt sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, s.s. vinna við skiltagerð, útgáfa greinar í Árbók hins íslenska fornleifafélags, þátttaka í Sturluhátíð og gönguferð hópsins um Sælingsdalsheiði. Góður gangur var í frágangi handrits að Resensbók og ritun þverfaglegrar fræðibókar um Staðarhólsverkefnið og er nú hvort tveggja langt komið og stefnt að útgáfu árið 2026. Gögn verkefnisins hafa einnig verið yfirfarin og verða gerð aðgengileg í opnu aðgengi hjá Gagnís í maí 2025.

Skýrsla þessi er lokaskýrsla um framvindu Staðarhólsverkefnisins enda er það nú langt komið og í raun á bara eftir að reka endahnúttinn á útgáfu þeirra tveggja bóka sem unnið hefur verið að undanfarin misseri.

Listi yfir þátttakendur

Staðarhólsverkefnið er samstarfsverkefni eftirfarandi stofnana:

Fornleifastofnunar Íslands ses

Háskóla Íslands

Stofnun Árna Magnússonar

Þjóðskjalasafns Íslands

Helstu þátttakendur eru:

Ármann Jakobsson prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við HÍ

Benedikt Eypórsson fagstjóri á Þjóðskjalasafni

Birna Lárusdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands og doktorsnemi í landfræði við HÍ.

Egill Erlendsson prófessor í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands (verkefnisstjóri)

Emil Gunnlaugsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Emily Lethbridge rannsóknardósent hjá Árnastofnun

Freyja Petersen MA nemi í Viking and Medieval Norse Studies

Garðar Guðmundsson sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gylfi Björn Helgason sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Guðrún Alda Gísladóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gunnar Páll Ægisson BA nemi í landfræði við HÍ

Kristborg Þórsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Sandra Gunnarsdóttir BA nemi í sagnfræði við HÍ

Stefán Bogi Sveinsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Sverrir Jakobsson prófessor í sagnfræði við HÍ

Úlfar Bragason prof. emeritus við Árnastofnun

Þorsteinn Björnsson MA nemi í íslenskum bókmenntum við HÍ

Þórdís Edda Jóhannesdóttir fræðimaður, Phd í íslenskum bókmenntum

Zachary Melton fræðimaður, nýdoktor í almennri bókmenntafræði við Árnastofnun.

Listi yfir útgáfu í tengslum við verkefnið

Alfræði Sturlu Þórðarsonar: Útgáfa á varðveittum textum Resensbókar. Þórdís Edda Jóhannesdóttir bjó til útgáfu og ritaði inngang. Væntanlegt 2026.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. *Staðarbóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fyrsta rannsóknarárs.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS833-20171.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2022. *Menningarminjar á Staðarbóli og í Staðarbólsdal.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS861-21174.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2022. *Staðarbóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu annars rannsóknarárs.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS873-21173.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2023. *Staðarbóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu þriðja rannsóknarárs.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS925-20175.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2023. *Fornleifar í Fagurey.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS928-20177.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2024. *Staðarbóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fjórða rannsóknarárs.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS982-20178.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir. 2024. „Eyjarannsókn á Breiðafirði: Fornleifaskráning og landsháttagreining í Fagurey“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2024/112. árg. bls. 59-98,*

Emil Gunnlaugsson. 2022. *Staðarbólskirkeja 1200-1700: Auður, tekjur og búskapur.* M.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Emils er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40348>

Freyja Elizabeth Petersen. 2023. *Sturlung the Pot Investigating Sturla Þórðarson's Contributions to Sturlunga saga.* M.A. ritgerð í Viking and Medieval Norse Studies. Ritgerð Freyju er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk:: <https://skemman.is/handle/1946/43866>

Gavin Lucas (ritstj.). 2023. *Fornleifarannsóknir á Staðarbóli í Dölum 2022/ Archaeological Investigations at Staðarbóll in Dalir 2022.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS927-20176.

Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022. *Staðarbóll í Dölum: Fornleifarannsókn 2021.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS854-20172.

Gunnar Páll Ævarsson. 2022. *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarból í Dalaryjlsu frá byrjun 2. aldar f. Kr. til loka 17. aldar e. Kr.* BS ritgerð í landfræði, Líf- og umhverfisvísindasvið. Ritgerð Gunnars er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40423>

Sandra Gunnarsdóttir. 2022. *Þjóðleiðir í Dölum: Ferðalög Dalamanna á 12. og 13. öld.* B.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Söndru er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/38293>

Staðarhöll. Cultural Pursuits on an Icelandic pre-modern manor. Sverrir Jakobsson (ritstj.) Höfundar: Ármann Jakobsson, Benedikt Eyþórsson, Birna Lárusdóttir, Egill Erlendsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Emil Gunnlaugsson, Emily Lehtbridge, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Kristborg Þórisdóttir, Sverrir Jakobsson, Úlfar Bragason og Þórdís Edda Jóhannesdóttir. Turnhout, Belgíu: Brepols. Væntanlegt 2026.

Stefán Bogi Sveinsson. 2025. *Landnám í Saurbæ í Dölum.* Einstaklingsverkefni í sagnfræði. Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Úlfar Bragason. 2021. *Reykholt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendingasaga.* Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorsteinn Björnsson. 2022. *Með augum Sturlu. Viðhorf Sturlu Þórðarsonar til manna og málefna í Íslendingakjöflum Hákonar sögu Hákonarsonar.* M.A. ritgerð í íslenskum bókmenntum, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Þorsteins er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/42765>